

Skólasóknarkerfi

Viðbragðsáætlun vegna fjarvista nemenda Höfðaskóla. Skólasókn er sýnileg í Mentor.

1. Þrep: 10 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er kominn með fleiri en 10 fjarvistadaga sendir umsjónarkennari bréf um ástundun til foreldra/forráðamanna og ræðir síðan við foreldra/forráðamenn.

2. Þrep : 15 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er kominn með fleiri en 15 veikinda- og/eða leyfisdaga sendir umsjónarkennari aftur bréf heim og ræðir síðan við foreldra.

Ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru veikindadagar, hringir skólahjúkrunarfræðingur heim og ræðir við foreldra.

3. Þrep: 20 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er kominn með fleiri en 20 fjarvistadaga, boðar umsjónarkennari foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda og tekur erindið upp í nemendaverndarráði ef þörf þykir.

4. Þrep: 25 fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er kominn með fleiri en 25 fjarvistadaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fræðslustjóra.

5. Þrep: 30 daga fjarvistardagar (fjarvistir, veikindi og leyfi)

Ef nemandi er með fleiri en 30 fjarvistadaga, boðar skólastjórnandi foreldra til fundar ásamt fræðslustjóra. Skólastjórnandi greinir nemendaverndarráði skólans um skólasókn nemandans og tilkynnir til barnaverndar.

Sé sýnileg þörf nemanda á sérfræðiþjónustu utan sveitafélags s.s. langveik börn eða börn sem þurfa að sækja þjálfun í skemmri eða lengri tíma er tekið tillit til þess við mat á skólasókn. Einnig er tekið tillit til langvarandi veikinda.